

## Stjórnarfundur þriðjudaginn 4. júní 2019

Kl. 17:30 á skrifstofu Siðmenntar, Túngötu 14

**Mætt á fund:** Siggeir F. Ævarsson, Auður Sturludóttir, Kristín Sævarsdóttir, Þorsteinn Kolbeinsson, Sveinn Atli Gunnarsson, Kristinn Theodórsson, Mörrður Árnason, Inga Auðbjörg Straumland, Hope Knútsson, Jens Ívar Jóhannuson og Albertsson, Sigurður Hólm Gunnarsson og Margrét Pétursdóttir.

**Boðuð forföll:** Engin.

**Fundarritun:** Siggeir F. Ævarsson, framkvæmdastjóri

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

### Dagskrá/Fundargerð

#### 1. Fundargerðir 8. og 9. stjórnarfundar (SFÆ)

Samþykkt að fundargerð verði alla jafna póstað á spjall stjórnar eftir fund, athugasemdir gerðar og þeim svo lokað á næsta fundi.

#### 2. Alþjóðleg ráðstefna

Endurmat og umræður

Hljóðið var ekki gott, Iceland Travel ætla að gera athugasemd við það til HÍ. Salurinn hentaði ekki fullkomlega til ráðstefnuhalds, en kostaði vissulega töluvert minna en hótelsalur.

Maturinn hefði mátt vera betri (ekki brenndur t.d.) og ekki var nógu vel tekið tillit til séróska. Fjölbreytileiki var lítill og verðið hátt miðað við gæði.

Efni ráðstefnunnar mjög vestrænt.

Minnisblað lagt fram.

#### 3. Alþjóðastarf - Aðalfundur EHF og HI

Sagt frá því sem fram fór og því sem er framundan.

Næstkomandi haust (október) verður námskeið í Brugge í Belgíu fyrir athafnaþjónstu, sem væri gott að senda nokkra athafnastjóra á, og mögulega nýjan starfsmenn BF.

HI samþykktu nýjar og gegnsæjari reglur um aðildargjöld, sem munu væntanlega hækka okkar framlag töluvert.

Alþjóðþing 2020 verður í Miami, gera þarf ráð fyrir kostnaði við sendinefnd þangað í fjárhagsáætlun næsta ár.

Alþjóðábing 2023 verður í Kaupmannahöfn. Siðmennt mun væntanlega þurfa að taka fjárhagslegan þátt í því verkefni.

#### 4. Skipun í ráð og nefndir (SFÆ)

Framhald frá síðasta fundi. Hver er staðan? Nefndir eru að taka til starfa og að komast einhver mynd á þeirra hlutverk og stöðu.

Inga mun senda drög að skipuriti fyrir nefndir og ráðir á stjórn.

Í kjölfarið verði svo sent út rafrænt fréttabréf á félagi til að fara aðeins yfir störf stjórnar síðustu vikur og framhaldið.

Framtíðarnefnd: Hefur fundað

Samfélagsmiðlateymi: Kristín, Sveinn, Siggeir.

#### 5. Undirritun og innsending lögbundinna skjala fyrir nýja stjórn (SFÆ)

Eina undirskrift vantar, mun framkvæmdastjóri sækja hana og koma skjölunum á rétta staði.

#### 6. Borgaraleg ferming

##### a. Ráðning

Formaður leggur til að skipaður verði hópur sem fer yfir hversu fjárhagslega fýsilegt það er að ráða annan starfsmann á skrifstofu í 50% starfshlutfall eða svo. Viðkomandi myndi þá taka yfir störf Hope, og jafnvel hluta af störfum Jóhanns og Þorsteins.

Hópin skipa formaður, framkvæmdastjóri, gjaldkeri og Hope.

Sami hópur gæti þá í kjölfarið sett saman auglýsingu fyrir starfið.

##### b. Endurmat

Fermingarráð sett á laggirnar? Inga, Steini og Hope ætla að þæla í skráningum.

Ákveðið að senda ekki út bæklinga í ár, kostnaður um 700 þúsund í það minnsta, jafnvel í kringum milljón. Keyra á rafrænar auglýsingar í staðinn. Útbúa þarf rafrænt eintak af bæklingnum til að vísa í í auglýsingum.

#### 7. John de Lancie í heimsókn í september 2019.

##### A. Fjárhagsáætlun

Stjórn samþykkir að leggja allt að 300.000 krónur í verkefnið.

##### B. Undirbúningsteymi

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

Málinu frestað á 9. fundi. Síðan þá hefur ýmislegt gerst.

- John kemur til landsins 16. september og ætlar að vera með viðburði 17. og 18. september 2019.
- 17. september verður aðallega á vegum Nexus þar sem sýndir verða einn eða tveir Star Trek þættir með John sem „Q“ í bíó og síðan verður spjall um ST, „meet and greet“, myndatökur og eiginhandaáritanir.
- 18. september verður „Efast á kránni“ viðburður þar sem John fjallar um trúleysi, umfjöllun hans um sköpunarhyggju í BNA, Star Trek og annað. Hann verður með erindi og svo spjall og spurningar úr sal.
- John ætlar að senda kveðju á vídeói þar sem hann segir frá því sem hann mun gera hér og við megum nota það til að kynna.
- Hann vill ekki græða á komu sinni hingað en heldur ekki tapa. Fær fría gistingu heima hjá Gísla í Nexus og saman borgum við flug. Selt verður inn á bíósýninguna og hugsanlega verður eitthvað til sölu þar líka sem allt má nota til að borga fyrir flug og annan kostnað. Gísli í Nexus er ekki heldur að stefna að því að „græða“ neitt á þessu og er til í að taka samábyrgð með Siðmennt um að greiða umframkostnað.

## 8. Umhverfisstefna Siðmenntar

### a. Stefna

Sveinn, Mörður, Magga og Auður skipuð í teymi til að vinna drög að stefnu og finna rétta leið fyrir Siðmennt til að kolefnisjafna fyrir árið 2018. Æskilegt að tillagan liggja fyrir fyrir næsta fund, og stefnan klár fyrir næsta aðalfund.

### b. Kolefnisjöfnun 2018

Fyrstu útreikningar vegna 2018 lagðir fram sem fylgiskjal.

## 9. Sumarafleysing á skrifstofu (SFÆ)

Steinar er klár. Setja þarf upp tölvu og aðgengi að forritum og banka áður en Siggeir fer erlendis (23. júní). Siggeir mun setja tölvuna upp eins langt og hans þekking nær.

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri ganga frá launamálum afleysingar.

## 10. Tölvu- og tæknimál (SFÆ)

Siggeir er kominn með aðgang að flestu. Athuga þarf betur aðgangshemildir í Dropbox/Google Drive. Stjórnarmeðlimir sem ekki hafa aðgang að Drive/Dropbox þurfa að senda upplýsingar á Siggeir og fá aðgang.

Siggeir þarf einnig að fá aðgang að Survey Monkey, fyrir BF.

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

**Fundi slitið klukkan: 19:15**

**Næsti stjórnarfundur haldinn: 18. júní**

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands